

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn í Árbliki í Dalasýslu föstudaginn 26. ágúst 2016.

Mættir voru:

Ingvi Guðmundsson

Maríus Halldórsson

Kristinn Hákonarson

Finnbogi Harðarson

Guðbrandur Þorkelsson

Elísabet Gunnarsdóttir

Jón Geir Ólafsson

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Jón Geir setti fundinn og mun stjórna honum, Guðbrandur ritar fundargerð.

Elísabet kynnti skýrslu stjórnar og bar þar hæst vinnuprófin sem fylgdu í kjölfar aðildar félagsins að ISDS. Hún lagði fram tillögu um að stjórnin fengi heimild til að skipuleggja ferð erlendis sem myndi verða styrkt af félaginu og var hún samþykkt.

Smá umræða var um tryggingamál félagsmanna sem eru í hálfgerðum ólestri og virðist happa og glappa hvort menn fái hunda sína tryggða. Elísabet sagði frá því að Þorvarður væri að skoða þessi mál.

Menn sögðu örlítið frá starfi á sínum svæðum síðastliðið ár.

Næsta landsmót mun haldið á Suðurlandi að ári og ætluðu Jón Geir og Kristinn að hafa yfirumsjón með því.

Elísabet fór yfir reikninga félagsins, heildartekjur voru 899.500 krónur, þar af 780.500 krónur vegna félagsgjalda og 171.500 krónur vegna bókasölu. Felldar voru niður kröfur vegna árgjalda 2014 að upphæð 52.500 krónur og skuldhafar skráðir úr félaginu. Heildar gjöld námu 661.533 krónur og vaxtatekjur 6.241 krónur og hagnaður af rekstri félagsins því 244.208 krónur. Samkvæmt efnahagsreikningi eru til eignir að upphæð 2.410.684 krónur, í banka eru 1.608.484 kr., útstandandi árgjöld vegna 2015 102.200 kr. og eign í ættbókarforritinu Snata að upphæð 700.000 kr. Eigið fé félagsins hljóðar uppá 2.159.684 kr. og áætluð skuld við Bændasamtökin vegna Snati 251.000 kr. Samþykkt var að hækka styrk til deildar sem heldur landsmót úr 25.000 kr. í 30.000 kr.

Reikningar síðan samþykktir.

Jón Geir átti að ganga úr stjórn en gaf kost á sér áfram og var fagnað með lófaklappi. Skoðunarmenn reikninga þeir Sverrir Möller og Reimar Sigurjónsson voru endurkjörnir og einnig Bjarki Benediktsson varamaður í stjórn.

26 aðilar sóttu um inngöngu í félagið og voru þeir samþykktir.

Undir liðnum önnur mál sagði Maríus frá því að í smalamenskum í Noregi væri hundur sem staðist hefur ákveðið próf metinn sem tveir menn, maður + hundur = 3 menn og veltu fundarmenn því fyrir sér hvort þetta væri eitthvað sem hægt væri að taka upp hér. Maríusi var falið að kynna sér þetta betur.

Þorvarður formaður félagsins bað fyrir kveðju til fundarins en hann forfallaðist.

Austurlandsdeildin mun standa fyrir móti um mánaðarmótið október, nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðbrandur Þorkelsson fundarritari.